

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1909.

Reglugjörð fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 13, 9. júlí 1909, undirskrifuð af ráðherra 20. október 1909 (A nr. 61, bls. 300—311).

Auglýsing um kirkjugjald í Hofssókn í Norður-Múlaprófastsdæmi, undirskrifuð af ráðherra 3. nóvember 1909 (A nr. 62, bls. 312—313).

Auglýsing um kirkjugjald í Staðastaðarsókn í Snæfellsnessprófastsdæmi, undirskrifuð af ráðherra 3. nóvember 1909 (A nr. 63, bls. 314—315).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 17. nóvember 1909 (A nr. 64, bls. 316—317).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um skilning og framkvæmd 110 laga um sóknargjöld. 29. nóv.

Til stjórnarráðsins hafa borist ýmsar fyrirspurnir um skilning og framkvæmd hinna nýju laga um sóknargjöld.

Útaf fyrirspurnum þessum skal yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir öllum próföstum landsins:

1. Stjórnarráðið verður að leggja áhersluna á það, að prófastarnir framfylgi svo sem auðið er ákvæði 22. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um að senda landsstjórninni fyrir lok nóvembermánaðar skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sjer og um sóknargjöldin, svo ekki þurfi þess vegna að dragast greiðslan á þeim hluta af launum prestanna, er greiðast á úr prestlaunasjóði, en til þess að prófastarnir geti fullnægt þessu ákvæði, er nauðsynlegt, að prestarnir sendi prófasti sínum skýrslu um tölu gjaldskyldra sóknarmanna, svo fjótt sem því verður við komið, og skal það tekið fram, að stjórnarráðið álitur það ekki máli skifta, þótt skýrsla þessi ef til vill komi ekki alveg heim við hið endanlega manntal í sókninni, því þess konar smáskekkjur má laga við hin endanlegu reikningsskil prófastanna.

2. Til grundvallar fyrir innheimtu gjaldsins ber að leggja manntal það, er fram hefir farið næst á undan gjalddaga, og ber að telja alla þá gjaldskylda, er lögheimili hafa í sókninni, þá er manntalið fer fram, lifandi eru í byrjun fardagaársins og fyllt hafa 15 ára aldur á nýári næst á undan. Sje vafi um heimilisfang manns, virðist rjett að heimta af honum gjald til prests og kirkju í þeirri sókn, þar sem hann dvelur um áramótin, en gjaldið getur hann fengið endurgreitt, þegar hann sannar hvar hann á lögheimili, og að hann hafi greitt þar lögboðin gjöld til prests og kirkju.

3. 2. og 7. gr. sóknargjaldalaganna verður að áliti stjórnarráðsins ekki skilin öðru vísi en svo, að gjaldfrelsi það, er prestar hafa notið að því er snertir gjöld til prests og kirkju, sje nú upphafið.